



2. febrúar 2024

Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum

Stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði innan raða Samtaka iðnaðarins vænta þess að fjölga starfsfólki fyrirtækja sinna mjög mikið á næstu árum samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins. Heildarfjöldi starfsfólks þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni er í dag 3.224 og eru niðurstöður könnunarinnar þær að fyrirtækin sjá fram á að þurfa að ráða 2.498 til viðbótar á næstu fimm árum sem er 77% aukning. Heildarfjöldi starfandi í þessum fyrirtækjum eftir fimm ár verður því 5.722 gangi áætlanir þeirra eftir.


63% stjórnenda fyrirtækjanna segja að innlent menntakerfi muni ekki mæta færniþörf þeirra fyrirtækja á næstu fimm árum. Þar á meðal eru öll stærri fyrirtæki í könnuninni. 24% stjórnenda segja að menntakerfið muni mæta færniþörf þeirra fyrirtækja á þessum tíma. Það eru fyrst og fremst lítil fyrirtæki í hugverkaiðnaði.

Ljóst er af könnuninni að skortur á vinnuafli hefur heft vöxt þeirra á síðustu árum. 63% stjórnenda fyrirtækja í könnuninni segja að erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk hafi heft vöxt fyrirtækjanna. 26% segja að svo hafi ekki verið.


Sérfræðimenntað starfsfólk er stærsti hluti starfandi í tækni- og hugverkafyrirtækjum. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja 66% að sérfræðimenntað vinnuafli sé 81-100% af fjölda starfandi hjá fyrirtækinu. 26% segja að hlutfallið sé 61-80%. Um 8% segja að hlutfallið sé 41-60%.

Starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði

Byggt á svörum fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni




Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt þíns fyrirtækis?



■ Já ■ Nei ■ Hvorki né

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf þíns fyrirtækis litið til næstu fimm ára?




■ Já ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara

Ráðningar erlendra sérfræðinga til íslenskra tækni- og hugverkafyrirtækja hefur verið mikilvægur þáttur í verðmætasköpun fyrirtækja í greininni. Samkvæmt könnuninni segja 21% að hlutfall erlendra sérfræðinga sé 21-40% af heildarfjölda starfandi hjá þeirra fyrirtæki, 11% segja að hlutfall þeirra sé 41-60% og 5% að þeir séu 61-80%. 63% segja að hlutfall erlendra sérfræðinga sé 0-20%.


Stjórnendur fyrirtækjanna telja að ráða þurfi 917 erlenda sérfræðinga á næstu fimm árum. Það er 37% af áætlaðri fjölgun á starfsmönnum á þessum tíma. Hinn hlutann, þ.e. 63% af áætlaðri fjölgun starfsfólks, áætla stjórnendur fyrirtækjanna að verði mætt með innlendu vinnuafli.

Hversu hátt hlutfall starfsfólks fyrirtækis þíns í dag er sérfræðimenntað?



■ 81-100% ■ 61-80% ■ 41-60% ■ 21-40%

Hversu hátt hlutfall starfsfólks fyrirtækisins eru erlendir sérfræðingar?




■ 61-80% ■ 41-60% ■ 21-40% ■ 0-20%

Samkvæmt könnuninni segja stjórnendur fyrirtækjanna að það vanti fjölbreytta flóru sérfræðinga á næstu fimm árum. Nefna þeir að það vanti allt frá tæknimenntuðu starfsfólki, svo sem forritara, sérfræðinga í stafrænni vörubrúun, viðmótshönnuði, gervigreindarsérfræðinga, rafmagnsverkfræðinga, sérfræðinga í mekatróník og fleira, til reynslumikilla sölu- og markaðsfræðinga sem geta starfað á alþjóðamörkuðum auk sérfræðinga í gæðastjórnun og umhverfismálum.

Sérhæfður mannauður er, auk fjármagns, helsta auðlind tækni- og hugverkaiðnaðar en frekari vöxtur í greininni er óhugsandi nema með nægilegu framboði af starfsfólki. Samtök iðnaðarins áætla að útlutningstekjur í hugverkaiðnaði hafið numið allt að 280 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári.

Útlutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar

Í milljörðum króna



Niðurstöður könnunarinnar eru í takti við fyrri greiningu samtakanna um mannauðs- og færniþörf í tækni- og hugverkaiðnaði hér á landi sem birt var í maí árið 2022 en hún benti til að fjölga þurfi sérfræðingum í tækni- og hugverkaiðnaði hér á landi um 9 þúsund á næstu fimm árum. Niðurstöðurnar núna benda til að fjölga þurfi í greininni um að minnsta kosti það. Í heild starfa nú ríflega 18 þúsund manns í tækni- og hugverkaiðnaði og hefur þeim fjölgað um 4 þúsund á síðasta áratug eða um nær 30%. Um er að ræða verðmæt hálaunastörf þar sem verðmætasköpun á hverja vinnustund, það er að segja framleiðni, er meiri en almennt í hagkerfinu.

Að mati Samtaka iðnaðarins þarf að efla innlent menntakerfi en að sama skapi liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins með því að auka skattahvata til erlendra sérfræðinga, markaðssetja Ísland í auknum mæli sem nýsköpunarland og sníða af vankanta í umsóknarferli um atvinnu- og dvalarleyfi sem hafa valdið því að ferlið er tímafrekt og ófyrirsjáanlegt.

Könnun Outcome var lögð fyrir stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði innan raða Samtaka iðnaðarins á tímabilinu 9.–26. janúar 2024. Svör bárust frá fjölbreyttri flóru tækni- og hugverkfyrirtækja í leikjaiðnaði, líftækniíðnaði, hugbúnaðarþróun, rekstrarþjónustu, menntatækni, stafrænni heilbrigðistækni og fleiri greinum. Fjöldi starfsmanna fyrirtækjanna er allt frá 1 starfsmanni upp í rúmlega 1.000 starfsmenn. Stærstur hluti starfsfólks fyrirtækjanna er sérfræðimenntaður.

Hvaða sérfræðiþekkingu vantar fyrirtækið þitt helst á næstu fimm árum?

Sérfræðingur í gagnagrunnum

Gagnavísindi Öryggissérfræðingur Vélteknifræði

Lyfjafræði Mekatróník Leikjaprófarar Líffræði Stafræn vöruþróun

Hljóðvinnsla Gæðastjórnun Rafmagnsverkfræði

Greinendur á notendahegðun Líftækni Tölvuleikjaforritun Tölvunarfræði

Gagnavinnsla Efnaverkfræði Ljósfræði QA


Gervigreindarsérfræðingar Hugbúnaðargerð

Upplýsingatækni Viðmótshönnun Sérfræðingur í umhverfismálum

Devops Gagnaöryggi

Tæknilegur listamaður

Heildarfjöldi starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði



Dæmi um störf sem stjórnendur í tækni- og hugverkaiðnaði vilja ráða í samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.